

Reikningshald stofnunarinnar skal vera hluti af reikningshaldi háskólans.

Sé um að ræða útselda þjónustu, sem veitt er í samkeppni við einkaaðila, skal sú starfsemi fjárhagslega afmörkuð frá öðrum rekstri stofnunarinnar og þess gætt að sá rekstur sé ekki niðurgreiddur með öðrum tekjum, í samræmi við ákvæði samkeppnislaga.

11. gr.

Reglur þessar, sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands sbr. 26. gr. reglna nr. 458/2000 fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 212/1990 um Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands, sbr. ákvæði til bráðabirgða (9) í reglum nr. 458/2000.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði við Háskóla Íslands.

1. gr.

Ákvörðun um fjöldatakmörkun.

Hjúkrunarfræðideild leggur fyrir háskólaráð, ef þörf krefur, rökstuddar tillögur um fjölda stúdenta sem unnt er að taka til náms í hjúkrunarfræði. Skal beiðni frá deildinni, þar að lútandi, send háskólaráði fyrir lok nóvember. Háskólaráð afgreiðir tillögur hjúkrunarfræðideildar eigi síðar en í janúar.

Ef fjöldatakmörkun er ákveðin fer val stúdenta til náms fram í samræmi við eftirfarandi ákvæði um fyrirkomulag og niðurstöður samkeppnisprófa.

2. gr.

Fyrirkomulag samkeppnisprófa.

Prófað verður í öllum þeim námskeiðum, sem kennd eru á haustmisseri 1. námsárs. Stúdentar verða að taka öll prófin á sama námsári og valið fer fram. Ekki er hægt að fá viðurkennd eldri próf.

Þeim stúdentum, sem þreyta samkeppnispróf á haustmisseri 1. námsárs, er raðað eftir lækkað heildareinkunn. Sá fjöldi stúdenta sem ákveðinn hefur verið sbr. 1. gr., þeirra stúdenta sem bestum árangri ná á samkeppnisprófum, fær rétt til áframhaldandi náms í hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands. Ef tveir eða fleiri stúdentar eru jafnir í síðasta sæti skulu þeir báðir/allir eiga rétt til setu á vormissseri 1. námsárs.

3. gr.

Vægi greina og fyrirjöf.

Prófað verður úr fimm námskeiðum. Vægi þeirra er ákveðið af deildarfundi að fengnum tillögum námsnefndar. Vægi þeirra er sem hér segir:

Inngangur að hjúkrunarfræði I	20%
Félagsfræði I	20%
Heimspækileg forspjallsvísindi	20%

Efnafræði	20%
Líffærafræði	20%

Einkunn fyrir hvert námskeið er gefin með tveimur aukastöfum, frá 0,0-10,0. Þær einkunnir eru síðan aðlagðar ofangreindu vægi. Heildareinkunn í numerus clausus fæst með því að leggja saman einkunnir úr einstökum námskeiðum, sem þannig hafa verið vegnar. Þessi einkunn er lögð til grundvallar við niðurröðun stúdenta varðandi áframhaldandi nám.

Stefnt er að því að einkunnir úr samkeppnisprófi að loknu haustmisseri 1. námsárs hjúkrunarfræðideildar Háskóla Íslands verði birtar fyrir 10. janúar.

4. gr.

Sjúkrapróf o.fl.

Sjúkrapróf verða haldin, ef nauðsyn krefur, svo fljótt sem auðið er. Að öllu jöfnu er stúdentum ekki veitt námsleyfi á fyrsta námsári.

5. gr.

Gildistaka o.fl.

Reglur þessar um val stúdenta til náms í hjúkrunarfræði, hefur háskólaráð sett með stoð í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 3. mgr. 127. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

Reglur þessar öðlast þegar gildi.

Háskóla Íslands, 28. júní 2002.

Páll Skúlason.

Pórður Kristinsson.

REGLUR

um breytingu á reglum um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrabjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands.

1. gr.

5. gr. reglna nr. 885/2001, um inntöku nýnema í læknisfræðiskor og sjúkrabjálfunarskor í læknadeild Háskóla Íslands, sbr. 1. gr. reglna nr. 134/2002, breytist og verður svo hljóðandi:

Framkvæmd og námsefni í inntökuprófi.

Undirbúningur fer fram af hálfu læknadeildar í samstarfi við kennara framhaldsskóla. Prófið tekur tvo daga, með þremur tveggja tíma próftímum hvorn daginn, eða 12 klst. alls.

Í stað hefðbundinna viðtala, sem víða tíðkast við inntöku nýnema, verður prófið að hluta til mat á almennri þekkingu, nálgun og úrlausn vandamála svo og spurningar um siðfræðileg álitaefti. Tveir tveggja tíma próftímar verða nýttir fyrir þennan hluta er gildir 30% af heild. Í þeim hluta er um að ræða krossapróf og stuttar ritgerðir. Þessi prófþáttur byggir ekki á ákveðnu námsefni.

Hinir próftímarnir fjórir verða fyrir krossapróf eingöngu (70% hluti) með tveimur mínútum að meðaltali fyrir hverja spurningu, eða samtals 240 spurningar.

Sá hluti miðast við námsefni framhaldsskóla, svo sem lýst er hér á eftir. Áfangar sem mælt er með til undirbúnings, er lýst í „Aðalnámskrá framhaldsskóla - almennum hluta, 1999“.